

## Útdráttur

Þessi ritgerð er lokaverkefni til B.Ed. – prófs við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Aðalviðfangsefni hennar eru grenndarkennsla og á hvern hátt megi efla grenndar- og söguvitund grunnskólabarna. Hugtakið grenndarfræði vísar til þekkingaröflunar um nánasta umhverfi mannfólksins en orðið grennd merkir nágrenni eða umhverfi. Grenndarfræði stuðla að því að gera fólk meðvitaðra um sitt nánasta umhverfi og veitir fólki innsýn í hvernig hægt er að nýta sér nánasta umhverfi í kennslu grunnskólabarna.

Grenndarfræðin leggur áherslu á mikilvægi þess að börn öðlist góðan skilning á hugtökunum grenndarvitund, söguvitund, sjálfsvitund og staðarmenningu. Ef vel tekst til við að efla skilning barnanna á hugtökunum aukast líkur á að þau kjósi að lifa og starfa í heimabyggð eftir að hafa sótt framhaldsmenntun út í hinn stóra heim og á þann hátt hjálpa þau heimabyggð sinni að vaxa og dafna.

Við lögðum stutta könnun fyrir nemendur á mið- og unglíngastigi, í Grunnskólanum í Þorlákshöfn, sem ætlað var að kanna grenndar- og söguvitund þeirra um Selvog. Selvogurinn er í sama sveitarfélagi og heimabær nemenda og þess ber að geta að rætur margra þeirra liggja þangað. Niðurstöður könnunarinnar gáfu til kynna að nemendur voru ekki nægilega vel að sér um sögu og staðhætti í Selvogi.

Til þess að efla grenndar- og söguvitund nemendanna útbjuggum við kennsluverkefni sem nefnist *Selvogurinn*. Það er byggt á söguaðferðinni og skáldsögunni *Galdrastafir og græn augu* þar sem að söguvið bókarinnar er Selvogurinn í fortíð og nútíð. Kennsluverkefnið miðar að því að efla þekkingu nemenda á grenndarumhverfi sínu.

## Abstract

This essay is a final assignment for B.Ed. degree at the University of Akureyri. The main subject of the assignment is local studies and in which way local and historical identity can be strengthened in the minds of elementary school children. The concept local oriented teaching suggests information gathering from the closest environment, but the word local can be translated as neighbourhood or environment. Local oriented teaching aims towards making people more aware of their closest environment and to give people insight into how the closest surroundings can be used in elementary school teaching.

Local oriented teaching emphasises the importance of children gaining good understanding of the concepts; local identity, historical identity, self awareness and local culture. If there is a success in enhancing the understanding of these concepts in children's minds the possibilities of their future choice being to live and work in their local area increases greatly, after they have travelled and studied elsewhere. Thereby helping their local community to grow and flourish.

We submitted a survey for the students from grades 6 -10, in the Elementary school in Thorlakshofn, to check their local and historical identity about a place called Selvogur. Selvogur is in the same community as the student's hometown and many of them can trace their roots to that area. The results suggested that the students were not very well acquainted with the history and the local area at Selvogur.

To enhance the local and historical identity among the students we made a teaching assignment called *Selvogurinn*. It is based on the storyline method and the novel *Galdrastafir og græn augu* which takes place in Selvogurinn both in the past and the present. The assignment is aimed at increasing the student's knowledge of their own local environment.

